

Afkvæmarannsóknir á nautum Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2015

Guðmundur Jóhannesson

Nú er lokið afkvæmaprófun nauta Nautastöðvar BÍ, sem fædd voru árið 2015. Hér verður gefið yfirlit um nokkrar niðurstöður varðandi dætur þessara nauta og gerð grein fyrir öðrum niðurstöðum sem þegar liggja fyrir. Alls voru afkvæmarannsókuð 33 naut í árgangi 2015. Tíu naut áttu syni í þessum árgangi. Laufás 08003 og Bambi 08049 átti flesta syni eða sex hvor, Sandur 07014 átti fimm syni, Flekkur 08029 átti fjóra syni, Húni 07041 og Toppur 07046 áttu þrjá syni hvor, Lögur 07047 og Klettur 08030 áttu tvo syni hvor og loks áttu Hjarði 06029 og Þáttur 08021 sinn hvorn soninn. Einkenni þessa nautaárgangs er breytileiki í flestum eiginleikum en þó verða afurðageta, sérstaklega efnahlutföll, og júgurgerð að teljast koma vel út í heildina en mjaltir og skap síður. Frá þessu eru þó nokkur frávik eins og oft vill vera.

Hér fylgja umsagnir um helstu einkenni dætrahópa nautanna:

Smjörvi 15001 frá Smjördölum í Flóa.

F: Lögur 07047, m: Bygga 518, mf: Baldi 06010

Dætur Smjörva eru ekki afurðasamar þó efnahlutföll í mjólk séu nokkuð yfir meðallagi. Þetta eru fremur smáar kýr, heldur lágfættar, en boldýpt og útlögur prýðilegar. Yfirlína er sterkleg. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgur eru nokkuð veikbyggð, júgurfesta er góð en júgurband lítt áberandi. Spenar eru nokkuð grófgerðir en vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á seinum mjöltum og mismjöltum. Skapið er í góðu meðallagi þessar kýr koma illa út í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Smjörva er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum koma rauðir og bröndóttir litir oftast fyrir þó alla liti megi sjá. Ekki er þekkt að Smjörvi gefi hyrnd afkvæmi.

Smjörvi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Freri 15003 frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum.

F: Laufás 08003, m: 753, mf: Síríus 02032

Dætur Frera eru undir meðallagi hvað mjólkurmagn varðar en hlutföll verðefna eru há. Þetta eru stórar og háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar en með veika yfirlínu. Malir eru breiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerð er góð, júgurfesta mikil og júgrin vel borin en júgurband ekki áberandi. Spenar eru aðeins grófgerðir og gleitt settir. Dætur Frera eru um meðallag í mjöltum en mjaltagallar eru lítt áberandi. Skapið er gott og kýrnar raðast ágætlega í gæðaröð. Mikill meirihluti afkvæma Frera er tvílitur þar sem skjöldóttur litur eru algengastur. Af grunnlitum eru rauðir litir langalgengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Freri gefi hyrnd afkvæmi.

Freri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Kætir 15004 frá Núpstúni í Hrunamannahreppi.

F: Toppur 07046, m: Skræpa 294, mf: Síríus 02032

Dætur Kætis eru mjólkurlagnar kýr með mjög há efnahlutföll í mjólk. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en með sterka yfirlínu. Malirnar eru fremur breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband nokkuð áberandi, festa mikil og þau mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, frekar stuttir, grannir og aðeins gleitt settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Nánast öll

afkvæmi Kætis eru tvílit þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Kæti geta komið hyrndir gripir.

Kætir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hleri 15006 frá Hurðarbaki í Flóa.

F: Húni 07041, m: Sóley 607, mf: Dynjandi 06024

Dætur Hlera eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir, bæði í magni og hlutföllum verðefna í mjólk. Þetta eru fremur stórar og háfættar kýr, frekar bolgrunnar með meðalútlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er þökkaleg, júgurfasta allgóð og júgrin vel borin en júgurband lítt áberandi. Spenar eru vel gerðir og vel settir en eilítið þykkir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á seinum mjöltum. Skapið er fremur slæmt og kýrnar raðast neðan meðallags í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Hlera er tvílitur þar sem huppóttir og skjöldóttir litir eru algengastir. Af grunnlitum koma rauðir og bröndóttir litir oftast fyrir þó alla liti megi sjá. Undan Hlera geta komið hyrndir gripir.

Hleri verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Krónos 15008 frá Hvanneyri í Andakíl.

F: Húni 07041, m: Artemis 1274, mf: Kambur 06022

Dætur Krónosar eru í góðu meðallagi í afurðagetu. Hlutfall verðefna í mjólk liggur nærri meðallagi. Þetta eru meðalkýr að stærð, fremur lágfættar en með góða boldýpt og útlögur. Yfirlína er veik. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er meðalgóð og aðeins þröng. Júgurgerðin er í meðallagi, júgurfasta nokkuð góð en júgurband ógreinilegt og júgrin ekki nægilega vel borin. Spenar eru vel gerðir, örlítið langir en vel settir. Mjaltir þessara kúa eru góðar en mismjaltir koma fyrir. Skapið er gott og þær koma meðalvel út í gæðaröð. Meirihluti afkvæma Krónosar er tvílitur og ber þar mest á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir nema gráir komi fyrir. Undan Krónosi geta komið hyrndir gripir.

Krónos verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Greifi 15009 frá Seljavöllum í Hornafirði.

F: Laufás 08003, m: Lukka 600, mf: Ófeigur 02016

Dætur Greifa mjóka undir meðallagi en efnahlutföll í mjólk eru mjög há. Þessar kýr eru stórar, fremur háfættar, boldjúpar, útlögumiklar og með beina yfirlínu. Malirnar eru nokkuð breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerð mjög góð, júgurfasta mikil, júgurband áberandi og júgrin vel borin. Spenar eru hæfilega langir en grannir og gleitt settir. Mjaltir eru meðalgóðar og lítið um mjaltagalla. Þessar kýr eru skapmiklar og fyrir koma skapgallaðir gripir. Um helmingur afkvæma Greifa er einlitur þar sem mest ber á rauðum litum þó allir grunnlitir komi fyrir. Af tvílitum ber mest á huppóttum. Ekki er þekkt að Greifi gefi hyrnd afkvæmi.

Greifi verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Bjarki 15011 frá Akri í Eyjafirði.

F: Laufás 08003, m: Fura 505, mf: Ás 02048

Dætur Bjarka eru gríðarlega mjólkurlagnar kýr með efnahlutföll í mjólk undir meðallagi. Þetta eru frekar stórar og nokkuð háfættar kýr, hvorki boldjúpar né útlögumiklar en með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband áberandi, festa í meðallagi og þau mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, frekar stuttir, grannir og aðeins gleitt settir. Mjaltir eru úrvalsgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Um þriðjungur afkvæma Bjarka er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Bjarki gefi hyrnd afkvæmi.

Bjarki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Risi 15014 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal.

F: Laufás 08003, m: Móa 414, mf: Hjarði 06029

Dætur Risa eru gríðarmiklar mjólkurkýr með hátt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall í tæpu meðallagi. Þetta eru stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurband nokkuð áberandi, festa í tæpu meðallagi og þau í meðallagi borin. Spenar eru vel gerðir, frekar stuttir, grannir og aðeins gleitt settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott. Mikill meirihluti afkvæma Risa er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Risi gefi hyrnd afkvæmi.

Risi verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Lúði 15017 frá Geirakoti í Flóa.

F: Hjarði 06029, m: Salvör 647, mf: Skandall 03034

Dætur Lúða eru afurðasamar því þó mjólkurmagn sé í tæpu meðallagi eru efnahlutföll í mjólk há. Þetta eru fremur smáar og lágfættar kýr, í meðallagi boldjúpar og útlögulitlar með mjög sterka yfirlínu. Malir eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er sterkleg og gleið. Júgurgerð er meðalgóð, júgurfesta undir meðallagi, júgurband ekki áberandi en júgrin þrýðilega borin. Spenar eru stuttir og nokkuð grannir og full gleitt settir. Mjaltir eru slakar og aðeins ber á seinum mjóltum. Skapið er í meðallagi, fyrir koma skapgallaðir gripir og kýrnar raðast frekar illa í gæðaröð. Um helmingur afkvæmanna er tvílitur og algengast er að sjá skjöldóttan lit. Af grunnlitum eru bröndóttir litir mest áberandi þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Lúði gefi hyrnd afkvæmi.

Lúði verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Golíat 15018 frá Keldudal í Hegranesi.

F: Laufás 08003, m: Emma 738, mf: Bolti 09021

Dætur Golíats eru geysilegar mjólkurkýr með lágt fituhlutfall í mjólk en próteinhlutfall er hátt. Þetta eru mjög stórar og háfættar kýr, boldjúpar með meðalútlögur og fremur veika yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en nokkuð þröng. Júgurgerðin er góð, júgurband nokkuð áberandi, festa í góðu meðallagi og þau mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, aðeins grannir og örlítið gleitt settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott. Mikill meirihluti afkvæma Golíats er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum

og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Golíat geta komið hyrndir gripir.

Golíat verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Köngull 15019 frá Auðsholti í Hrunamannahreppi.

F: Toppur 07046, m: Fura 933, mf: Bambi 08049

Dætur Könguls eru miklar afurðakýr þar sem efnahlutföll í mjólk eru gríðarhá en mjólkurmagn nokkuð undir meðallagi. Þetta eru fremur stórar og í góðu meðallagi háfættar kýr, frekar bolgrunnar með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband áberandi, festa mikil og þau mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er gott. Meirihluti afkvæma Könguls er tvílitur þar sem mest ber á húfóttum og huppóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Köngli geta komið hyrndir gripir.

Köngull verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Jólnir 15022 frá Reykjahlíð á Skeiðum.

F: Bambi 08049, m: Borgey 638, mf: Sússi 05037

Dætur Jólnis eru miklar mjólkurkýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru fremur stórar og í meðallagi háfættar kýr, boldjúpar með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg en eilítið þröng. Júgurgerðin er mjög góð, júgurband nokkuð áberandi, festa góð og þau vel borin. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir, aðeins grannir en mjög vel settir. Mjaltir eru meðalgóðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er meðalgott og fyrir koma skapgallaðir gripir. Meirihluti afkvæma Jólnis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Jólni geta komið hyrndir gripir.

Jólnir verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hrókur 15023 frá Stóru-Hildisey 2 í Landeyjum.

F: Lögur 07047, m: Blika 599, mf: Raftur 06047

Dætur Hróks eru mjólkurlagnar kýr en efnahlutföll í mjólk eru lág. Þetta eru fínbyggðar og lágfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og fremur þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er mjög slök, júgurfasta lítil, júgurband mjög ógreinilegt og júgrin síð. Spenar eru vel gerðir, stuttir, meðalþykkir en mjög gleitt settir. Mjaltir eru afleitar og nokkuð ber á seinum mjöltum. Skapið er meðalgott þó fyrir komi skapgallaðir gripir. Þessar kýr koma ekki vel fyrir í gæðaröð. Mjög stór meirihluti afkvæma Hróks er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum litum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Hrók geta komið hyrndir gripir.

Hrókur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Búálfur 15026 frá Naustum í Eyrarsveit.

F: Klettur 08030, m: Búbót 204, mf: Hlaupari 04010

Dætur Búálfs eru mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefn í mjólk eru undir meðallagi. Þetta eru meðalkýr að stærð, í góðu meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er mjög sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er góð, júgurfasta í meðallagi og júgrin vel borin með nokkuð greinilegt júgurband. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir og grannir og gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi en nokkuð ber á mismjöltum. Skap þessara kúa er í meðallagi þó fyrir komi skapgallaðir gripir. Meirihluti afkvæma Búálfs er tvílitur þar sem huppóttur litur er sýnu algengastur. Af grunnlitum ber mest á bröndóttum og kolóttum litum þó allir litir komi fyrir. Ekki er þekkt að Bjarki gefi hyrnd afkvæmi.

Búálfur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Svampur 15027 frá Bakka á Kjalarnesi.

F: Bambi 08049, m: Komma 379, mf: Skurður 02012

Dætur Svamps eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir, bæði í magn og hlutföllum verðefna í mjólk. Þetta eru meðalkýr að stærð og í meðallagi háfættar, boldjúpar með miklar útlögur og sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgurband nokkuð áberandi, festa góð og þau meðalvel borin. Spenar eru vel gerðir, stuttir, hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar mjög fátíðir. Skap þessara kúa er úrvalsgott. Um helminur afkvæma Svamps er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Svampur gefi hyrnd afkvæmi.

Svampur verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hróar 15028 frá Hallfreðarstöðum 2 í Hróarstungu.

F: Flekkur 08029, m: Elva Dögg 641, mf: Stássi 04024

Dætur Hróars er mjólkurlagnar kýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru smáar og lágfættar kýr, frekar bolgrunnar og útlögulitlar en með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er bein og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta í meðallagi, júgurband lítt áberandi en júgrin vel borin. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og vel settir. Mjaltir eru slakar og nokkuð ber á seinum mjöltum. Skapið er meðalgott, lítið um skapgalla en kýrnar koma þó ekki vel út í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Hróars er tvílitur og er huppóttur algengastur lita. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Hróari geta komið hyrndir gripir.

Hróar verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Ábóti 15029 frá Skipholti 3 í Hrunamannahreppi.

F: Bambi 08049, m: Abbadís 469, mf: Þollur 99008

Dætur Ábóta eru góðar mjólkurkýr með hlutföll verðefna í mjólk um meðaltal. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð og í meðallagi háfættar, bolgrunnar með litlar útlögur en sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mikil og þau mjög vel borin. Spenar eru nettir, fremur stuttir og ákaflega grannir og vel settir. Mjaltir eru góðar og mjaltagallar mjög fátíðir. Skap þessara kúa er heldur

undir meðallagi og fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Ábóta er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Ábóta geta komið hyrndir gripir.

Ábóti verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Grani 15030 frá Syðri-Gróf í Flóa.

F: Toppur 07046, m: Ljómalind 519, mf: Flói 02029

Dætur Grana eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir og það bæði við um magn og hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru meðalkýr að stærð, í góðu meðallagi háfættar, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru breiðar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta fremur lítil en júgrin vel borin með greinilegt júgurband. Spenar eru vel gerðir, fremur stuttir en mjög gleitt settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og mjaltagallar lítt áberandi. Skap þessara kúa er gott og þær raðast um meðaltal í gæðaröðun. Mikill meirihluti afkvæma Grana er tvílitur þar sem mest ber á grönóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Grana geta komið hyrndir gripir.

Grani verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Dreki 15031 frá Bessastöðum á Heggstaðanesi.

F: Sandur 07014, m: Systa 368, mf: Síríus 02032

Dætur Dreka eru í góðu meðallagi mjólkurlagnar kýr með há hlutföll verðefna í mjólk. Þetta eru lágfættar meðalkýr að stærð, bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaðan er bein og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, mikil júgurfasta, greinilegt júgurband og júgrin vel borin. Spenar eru ágætlega gerðir en nokkuð langir, heldur grannir og gleitt settir. Mjaltir eru í meðallagi og lítið um mjaltagalla. Skap þessara kúa er með ólíkindum slæmt og nærri helmingur þeirra skapgallaður sem endurspeglast í slakri gæðaröðun. Um helmingur afkvæma Dreka er einlitur og ber þar mest á rauðum litum þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Ekki er þekkt að Dreki gefi hyrnd afkvæmi.

Dreki verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Uni 15034 frá Breiðavaði í Eiðapinghá.

F: Flekkur 08029, m: Bolla 553, mf: Bambi 08049

Dætur Una eru mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall í mjólk er hátt og próteinhlutfall í góðu meðallagi. Þetta eru mjög lágfættar meðalkýr að stærð, boldjúpar og útlögumiklar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og nokkuð flatar. Fótstaða er sterkleg, bein og gleið. Júgurgerðin er slök, lítil jugurfasta, júgurband ógreinilegt og júgrin síð. Spenar eru frekar stuttir, hæfilega þykkir en gleitt settir. Mjaltir þessara kúa eru mjög góðar þó mismjaltir komi fyrir. Skapið er gott og skapgallaðir gripir fátíðir í hópnum. Mjög stór meirihluti afkvæma Una er tvílitur og ber mest á skjöldóttum. Af grunnlitum ber langmest á bröndóttum litum þó allir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Uni gefi hyrnd afkvæmi.

Uni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Spaðaás 15037 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal.

F: Laufás 08003, m: Staka 474, mf: Ófeigur 02016

Dætur Spaðaáss eru mjólkurlagnar en hlutfall verðefna í mjólk er fremur lágt. Þetta eru frekar stórar og meðalháfættar kýr, boldjúpar með útlögur í meðallagi og beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, aðeins hallandi og fremur flatar. Fótstaðan er bein og sterkleg og nokkuð gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta um meðallag, júgrin allvel borin og júgurband nokkuð greinilegt. Spenar eru hæfilega langir og þykkir og ágætlega settir. Mjaltir eru slakar og þó nokkuð um seinar mjaltir. Skapið er um meðallag og fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Spaðaáss er tvílitur og þar ber mest á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir mest áberandi þá allir litir komi fyrir. Undan Spaðaás geta komið hyrndir gripir.

Spaðaás verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Knörr 15038 frá Naustum í Eyrarsveit.

F: Flekkur 08029, m: Laufa 329, mf: Koli 06003

Dætur Knarrar eru mjög mjólkurlagnar kýr en fituhlutfall í mjólk er fremur lágt. Þetta eru fremur smáar kýr, meðalháfættar, boldýpt og útlögur í meðallagi en yfirlínan bein. Malirnar eru grannar, hallandi og flatar. Fótstaða er ákaflega sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfasta fremur mikil, júgrin meðalvel borin og júgurband allgreinilegt. Spenar eru fingerðir, stuttir, grannir og vel settir. Mjaltir eru slakar og fyrir koma bæði seinar mjaltir og mismjaltir. Skap þessara kúa er heldur undir meðallagi þó skapgallaðir gripir séu ekki margir. Mikill meirihluti afkvæma Knarrar er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Knörr gefi hyrnd afkvæmi.

Knörr verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Gnýr 15040 frá Gerðum í Flóa.

F: Sandur 07014, m: Gná 547, mf: Laufás 08003

Dætur Gnýs eru mjólkurlagnar kýr en hlutföll verðefna í mjólk er lágt. Þetta eru smáar og í meðallagi háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með frekar veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og þaklaga. Fótstaða er frekar bein og nokkuð gleið. Júgurgerðin er ggóð, mikil júgurfasta og júgrin vel borin en júgurband ekki sérlega áberandi. Spenar eru langir og grannir og mjög gleitt settir. Mjaltir eru slakar og fyrir koma seinar mjaltir. Skap þessara kúa er í meðallagi og skapgallar eru fátíðir. Mikill meirihluti afkvæma Gnýs er einlitur þar sem mest ber á bröndóttum litum þó allir litir komi fyrir. Af tvílitum er huppóttur algengastur. Ekki er þekkt að Gnýr gefi hyrnd afkvæmi.

Gnýr verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Þyrnir 15041 frá Hlöðum í Hörgársveit.

F: Klettur 08030, m: Þrílit 641, mf: Ófeigur 02016

Dætur Þyrnis eru afurðakýr þar sem magn er undir meðallagi en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru meðalstórar og háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg, bein og fremur gleið. Júgurgerðin er mjög góð, allgóð júgurfasta og mjög vel borin júgur með áberandi júgurband. Spenar eru stuttir, grannir og vel settir.

Mjaltir eru meðalgóðar en nokkuð ber á bæði seinum mjöltum og mismjöltum. Skap þessara kúa er í tæpu meðallagi en ekki er mikið um skapgallaða gripi. Meirihluti afkvæma Þyrnis er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum lit. Af grunnlitum kemur svartur litur oftast fyrir þó allir litir finnast. Undan Þyrni geta komið hyrndir gripir.

Þyrnir verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Steinar 15042 frá Steinum í Stafholtstungum.

F: Bambi 08049, m: Eik 242, mf: Gæi 09047

Dætur Steinars eru góðar mjólkurkúr með hlutfall fitu í mjólk um meðallag en hlutfall próteins nokkru hærra. Þetta eru tæplega meðalkúr að stærð og í góðu meðallagi háfættar, í meðallagi boldjúpar og útlögumiklar en sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa mikil og þau vel borin. Spenar eru fremur nettir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er mjög gott og lítið um skapgallaða gripi. Mikill meirihluti afkvæma Steinars er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og kolóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Undan Steinari geta komið hyrndir gripir.

Steinar verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Mikki 15043 frá Hóli í Svarfaðardal.

F: Sandur 07014, m: Urður 343, mf: Bambi 08049

Dætur Mikka eru góðar mjólkurkúr þar sem magn er í góðu meðallagi en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru fremur smáar kúr og í meðallagi háfættar, frekar bolgrunnar og útlögulitlar en með sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband mjög áberandi, festa gríðarmikil og þau vel borin. Spenar eru fremur langir og grannir og vel settir. Mjaltir eru mjög góðar en fyrir koma seinmjólka kúr. Skap þessara kúa er mjög gott og lítið um skapgallaða gripi. Mikill meirihluti afkvæma Mikka er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Mikka geta komið hyrndir gripir.

Mikki verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Hans 15046 frá Haga í Eystrihreppi.

F: Sandur 07014, m: Helga 247, mf: Drengur 08004

Dætur Hans hafa góð efnahlutföll í mjólk en afurðamagn er töluvert undir meðallagi. Þetta eru smáar og lágfættar kúr, boldýpt í meðallagi, útlögur miklar og yfirlína nokkuð bein. Malirnar eru grannar, beinar og flatar. Fótstaða er sterkleg og frekar gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð, mikil júgurfesta, áberandi júgurband og júgrin vel borin. Spenar eru grófgerðir, langir og þykkir en vel settir. Mjaltir eru góðar en fyrir koma seinar mjaltir og mismjaltir. Skap er fremur mikið og aðeins ber á skapgöllum. Meirihluti afkvæma Vals er tvílitur þar sem mest ber á skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Hans geta komið hyrndir gripir.

Hans verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Flóði 15047 frá Hnjúki í Vatnsdal.

F: Bambi 08049, m: Dögg 562, mf: 1441521-0477

Dætur Flóða eru meðalkýr hvað afurðagetu snertir og á það bæði við um magn og efnahlutföll. Þetta eru fremur smáar kýr að stærð og í meðallagi háfættar, bolgrunnar með litlar útlögur en sterka yfirlínu. Malirnar eru grannar, nokkuð beinar og þaklaga. Fótstaða er mjög sterkleg og gleið. Júgurgerðin er úrvalsgóð en sérstaklega er júgurband áberandi og þau vel borin. Spenar eru nettir, stuttir, nokkuð grannir og vel settir. Mjaltir eru frábærar og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er heldur undir meðallagi en mjög lítið um skapgallaða gripir. Ríflega helmingur afkvæma Flóða er einlitur þar sem rauðir og kolóttir litir eru algengastir grunnlita þó allir nema gráir komi fyrir. Af tvílitum er skjöldóttur einna algengastur. Ekki er þekkt að Flóði gefi hyrnd afkvæmi.

Flóði verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Sjúss 15048 frá Daufá í Skagafirði.

F: Flekkur 08029, m: Rósalind 441, mf: Glæðir 02001

Dætur Sjúss eru góðar mjólkurkýr þar sem magn er í meðallagi en hlutföll verðefna í mjólk eru há. Þetta eru nánast meðalkýr að stærð og í meðallagi háfættar, ágætlega boldjúpar og útlögumiklar með sterka yfirlínu. Malirnar eru frremur grannar, nokkuð beinar og eilítið þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er góð, júgurband nokkuð áberandi, festa mikil og þau allvel borin. Spenar eru stuttir og hæfilega þykkir og vel settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og aðeins ber á seinmjólka kúm. Skap þessara kúa er meðalgott og lítið um skapgallaða gripi. Rúmlega helmingur afkvæma Sjúss er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir og bröndóttir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Sjúss gefi hyrnd afkvæmi.

Sjúss verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Ljóni 15049 frá Steinnýjarstöðum á Skaga.

F: Bambi 08049, m: Prúð 412, mf: Ás 02048

Dætur Ljóna eru miklar mjólkurkýr og hlutföll verðefna í mjólk eru góð. Þetta eru fremur smáar og nokkuð lágfættar kýr, boldjúpar og útlögumiklar með veika yfirlínu. Malirnar eru grannar, beinar og eilítið þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er slök þar sem skortir á festu og júgurdýpt er mikil þó júgurband sé þökkalega áberandi. Spenar eru hæfilega stuttir, fremur grannir og allvel settir. Mjaltir eru í meðallagi og mjaltagallar fátíðir. Skap þessara kúa er gott og lítið um skapgallaða gripi enda raðast þær vel í gæðaröðun. Meirihluti afkvæma Ljóna er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Ljóni gefi hyrnd afkvæmi.

Ljóni verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Vari 15060 frá Espihóli í Eyjafirði.

F: Þáttur 08021, m: 859, mf: Þytur 09078

Dætur Vara hafa hátt próteinhlutfall í mjólk en annars er afurðagetan undir meðallagi. Þetta eru í góðu meðallagi háfættar og smáar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með frekar veika yfirlínu. Malirnar eru frremur grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en þröng. Júgurgerðin er í tæpu meðallagi, júgurband nokkuð áberandi en júgurfesta lítil þó júgrin séu allvel borin. Spenar eru stuttir og fremur

grannir og eilítið gleitt settir. Mjaltir eru í tæpu meðallagi og þó nokkuð er um seinar mjaltir og mismjaltir. Skap þessara kúa er heldur undir meðallagi og nokkuð um skapgallaða gripi. Mikill meirihluti afkvæma Vara er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir nema gráir komi fyrir. Ekki er þekkt að Vari gefi hyrnd afkvæmi.

Vari verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.

Tanni 15065 frá Tannstaðabakka í Hrótafirði.

F: Sandur 07014, m: Silfra 553, mf: Koli 06003

Dætur Tanna eru góðar mjólkurkúr þar sem magn er meðalmikið og fituhlutfall í mjólk nokkuð hátt en próteinhlutfall heldur undir meðallagi. Þetta eru fremur smáar kúr og í meðallagi háfættar, bolgrunnar með ágætar útlögur og aðeins veika yfirlínu. Malirnar eru frremur grannar, aðeins hallandi og flatar. Fótstaða er í meðallagi sterkleg. Júgurgerðin er úrvalsgóð, júgurband áberandi, festa gríðarmikil og þau áberandi vel borin. Spenar eru langir og grannir en vel settir. Mjaltir eru í góðu meðallagi og lítið ber á mjaltagöllum. Skap þessara kúa er meðalgott en fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Tanna er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru bröndóttir litir algengastir þó allir litir komi fyrir og er umtalsverður hluti sægrár. Ekki er þekkt að Tanni gefi hyrnd afkvæmi.

Tanni verður tekinn til framhaldsnotkunar.

Tankur 15067 frá Hurðarbaki í Flóa.

F: Húni 07041, m: Skjóla 766, mf: Hryggur 05008

Dætur Tanks eru góðar mjólkurkúr þar sem magn er í góðu meðallagi, fituhlutfall í mjólk í meðallagi en próteinhlutfall hátt. Þetta eru smáar og lágfættar kúr, fremur bolgrunnar með litlar útlögur en beina yfirlínu. Malirnar eru grannar, hallandi og þaklaga. Fótstaða er sterkleg en nokkuð þröng. Júgurgerðin er frekar slök, júgurband frekar ógreinilegt áberandi, festa líta og júgurdýpt nokkuð mikil. Spenar eru hæfilegir að lengd og þykkt og allvel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og fyrir koma mjaltagallar eins og seinar mjaltir og mismjaltir. Skap þessara kúa er nokkuð mikið og fyrir koma skapgallaðir gripir. Mikill meirihluti afkvæma Tanna er tvílitur þar sem mest ber á huppóttum og skjöldóttum. Af grunnlitum eru rauðir litir algengastir þó allir litir komi fyrir. Undan Tanki geta komið hyrndir gripir.

Tankur verður ekki tekinn til framhaldsnotkunar.